

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

254. FUNDUR.

254. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 27. apríl 2015 kl. 15:30 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, oddviti, Elín Jóna Rósinberg, varaoddviti, Elín R. Líndal, aðalmaður, Ingimar Sigurðsson, aðalmaður í síma, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, aðalmaður, Valdimar Gunnlaugsson, aðalmaður og Gunnar Þorgeirsson, aðalmaður

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Oddviti setti fund.

1. Úrskurður Óbyggðanefndar svæði 8.

Lögð fram eftirfarandi tillaga „Óbyggðanefnd hefur haft til umfjöllunar svæði 8, sem nær yfir Norðvesturland: Húnavatnssýslur vestan Blöndu ásamt Skaga (svæði 8 norður). Af hálfu fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins var þess krafist að viðurkennt yrði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta í Húnaþingi vestra yrði úrskurðað þjóðlenda en um var að ræða Staðarhreppsafrétt, Húksafrétt, Efranúpsheiði, Aðalbólsheiði og Víðidalstunguheiði (Mál nr. 3/2013, Húnaþing vestra, syðri hluti). Auk þess var þess krafist að land innan Engjabrekku á Vatnsnesi yrði úrskurðað þjóðlenda (Mál nr. 4/2013, Vatnsnes).

Kröfum ríkisins var lýst árið 2013 og var úrskurður óbyggðanefndar birtur 15. janúar 2015. Samkvæmt honum teljast austurhluti Víðidalstunguheiðar, landssvæði sunnan Víðidalstunguheiðar, Húksafréttur og Staðarhreppsafréttur til þjóðlendna. Önnur svæði sem krafa var gerð um, vesturhluti Víðidalstunguheiðar, Aðalbólsheiði, Efranúpsheiði og Engjabrekka á Vatnsnesi teljast samkvæmt úrskurðinum ekki til þjóðlendna. Nánari lýsingu á kröfugerð og úrskurði má finna [hér](#) og [hér](#).

Sveitarstjórn Húnaþings vestra lýsir yfir óánægju sinni með vinnubrögð íslenska ríkisins í þjóðlendumálinu almennt og þá stórfelldu eignaupptöku sem þar fer fram. Sveitarstjórn Húnaþings vestra lýsir jafnframt yfir vonbrigðum með niðurstöðu úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 3/2013. Þrátt fyrir að niðurstaðan sé vonbrigði ber að hafa í huga að úrskurðurinn er í fullu samræmi við úrskurði sambærilegra svæða. Sé tekið tillit til þess sem og eindreginna ráðlegginga lögfræðings sveitarfélagsins um að una úrskurðinum er eftirfarandi lagt til:

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að una úrskurði Óbyggðanefndar í máli 3/2013 og 4/2013 en áskilur sér rétt til að taka málið upp að nýju ef ný gögn koma fram.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum. Eitt móttakvæði.
Elín R. Líndal greiðir atkvæði gegn tillögunni. Og mótmælir með því framgöngu Óbyggðanefndar/ ríkisins, sem hefur frá upphafi sýnt ótrúlega framgöngu í þjóðlendumálum. Þar sem m.a. eru ekki virtir þinglýstir kaupsamningar. Slík framganga er að álitni Elínar hrein eignaupptaka.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra vill þakka meðlimum Eignarréttanefndar fyrir vel unnin störf, þeim Jóhannesi Björnssyni, Ólafi B. Óskarssyni, og T. Gunnari Sæmundssyni, einnig Sigríði Tryggvadóttur forstöðumanni héraðsbóka- og héraðsskjalasafns.“

2. Reglur Atvinnu- og nýsköpunarsjóðs Húnaþings vestra.

Lögð fram eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðar úthlutunarreglur Atvinnu – og nýsköpunarsjóðs Húnaþings vestra með áorðnum breytingum“ Sveitarstjóra falið að auglýsa eftir umsóknum.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 15:52

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Gunnar Þorgeirsson.

Elín R. Líndal.

Valdimar Gunnlaugsson.

Ingimar Sigurðsson.

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri.

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari